

Föstudagur, 15. nóvember 2002

190. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 36/2002

## **Kvörtun Véla og verkfæra ehf. yfir viðskiptaháttum Aseta ehf.**

### **I.**

#### **Erindið**

Með bréfi, dags. 15. mars 2001, kvarta Vélar og verkfæri ehf. yfir óréttmætum viðskiptaháttum Aseta ehf. Vélar og verkfæri eru m.a. sölu- og dreifingaraðili fyrir hurðarhúna o.fl. frá fyrirtækinu Randi. Aseta er keppinautur Véla og verkfæra og selur m.a. hurðarhúna frá fyrirtækinu d line. Tilefni kvörtunar Véla og verkfæra er símbref sem Aseta sendi verktaka vegna innihurða í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í umræddu símbrefi segir:

*„Til upplýsingar:*

*Það staðfestist að allar d line vörur eru framleiddar úr ryðfríu stáli í hæsta gæðaflokki AISI 316.*

*Skv. upplýsingum frá framleiðendum RANDI nota þeir aðeins ryðfrítt stál 304 sem er mun lægri gæðaflokkur.“*

Vélar og verkfæri halda því fram að Aseta hafi sent símbrefið óumbeðið til verktakans og þar sé því ranglega haldið fram að Randi noti eingöngu ryðfrítt stál 304 í vörur sínar. Varan sé aftur á móti einnig framleidd úr ryðfríu stáli AISI 316 og eigi viðskiptavinir Randi val þar á milli. Aseta hafi, gegn betri vitund, gefið rangar upplýsingar um framleiðslu Randi í þeim tilgangi að ná til sín viðskiptum með óréttmætum hætti og skaða þannig Vélar og verkfæri. Símbrefið sé sönnun um vafasama og óheiðarlega viðskiptahætti Aseta sem Vélar og verkfæri hafi haft spurnir af til fjölda ára. Með slíkum viðskiptaháttum geti fyrirtækið orðið fyrir verulegu tjóni og augljóst að upplýsingarnar séu til þess fallnar að hafa neikvæð áhrif á eftirspurn Randi varanna. Hafðir séu í frammi óréttmætir viðskiptahættir af hálfu Aseta með villandi og röngum upplýsingum um vöru keppinautar. Þessi háttsemi brjóti gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga sem og a- og c-liðar 20. gr. a og 21. gr. sömu laga þar sem í reynd sé um að ræða auglýsingu.

## II. Málsmeðferð

### 1.

Með bréfi, dags. 26. mars 2001, óskaði Samkeppnisstofnun eftir sjónarmiðum Aseta um kvörtun Véla og verkfæra. Svar Aseta barst eftir ítrekun stofnunarinnar með bréfi dagsettu 7. maí 2001. Í svari fyrirtækisins segir að Aseta hafi í hartnær 20 ár selt stálvörur, hurðabúnað o.fl., frá d line sem sé dönsk hágæðaframleiðsla. Vélar og verkfæri hafi fyrir 12–13 árum byrjað að selja ódýrari danska eftirlíkingu af nafni Randi. Í ljós hafi komið að viðskiptavinir hafi haldið að þeir væru að kaupa d line. Vélar og verkfæri hafi aðspurðir í síma svarað því til að þeir seldu d line en við marg ítrekaða fyrirspurn sagt að þeir seldu ranD-line sem væri sambærileg við d line. Í gegn um tíðina hafi Vélar og verkfæri fullyrt við viðskiptavini að gæði varanna væru sambærileg. Aseta geti lagt fram erlendar prófanir sem sýni og sanni að svo sé ekki. Villandi upplýsingar Véla og verkfæra hafi skaðað Aseta sem og neytendur.

Hvað varði símbréfið sem Vélar og verkfæri kvarti yfir þá hafi Randi, að því er Aseta best viti, aldrei selt hurðabúnað úr 316 stáli á Íslandi og samkvæmt upplýsingum frá Danmörku framleiði þeir ekki slíkar vörur enda þess hvergi getið í bæklingum eða auglýsingaefni framleiðandans. Aseta spyr að lokum hver hafi skaðað hvern.

### 2.

Svar Aseta var sent Vélum og verkfærum til umsagnar með bréfi dagsettu 8. maí 2001. Svar fyrirtækisins er dags. 15. maí 2001. Þar er því haldið fram að bréf Aseta svari í engu upphaflegri kvörtun heldur komi þar fram athugasemdir við að aðrir selji svipaða vöru á markaðnum. Þá komi þar fram ástæða til kvörtunar yfir fleiri röngum fullyrðingum um vörur frá Randi. Vélar og verkfæri telja að fullyrðing Aseta um að vara Randi sé ódýr eftirlíking brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga. Randi hafi hafið framleiðslu hurðarhúna úr ryðfríu stáli áður en d line hafi verið stofnað. Hvorki Randi né d line séu hönnuðir þessara hurðarhúna, sk. U-lags, sem mest hafi verið selt af á Íslandi. Randi hafi hafið framleiðslu þessarar gerðar hurðarhúna á undan d line. Flestar aðrar framleiðsluvörur Randi séu ólíkar vörum d line.

Staðhæfing Aseta um að starfsmaður Véla og verkfæra hafi reynt að blekkja viðskiptavin sé fráleit staðhæfing. Útlit og notagildi sé sambærilegt og vörurnar í báðum tilvikum úr ryðfríu stáli. Vélar og verkfæri geti útvegað prófanir frá erlendum stofnunum sem staðfesti að vörur Randi fullnægi t.d. kröfum til notkunar á eldvarnarhurðum. Fyrirtækið þekki ekki til samanburðarprófana á hurðarhúnum. Ómögulegt sé að skilja hvernig neytendur skaðist á því að kaupa ódýrari vöru sem fullnægi þörfum þeirra fullkomlega.

Mótmælt er sem röngum fullyrðingum Aseta um að aldrei hafi verið seldar Randi stálvörur á Íslandi úr ryðfríu stáli AISI 316. Jafnframt er því mótmælt að Randi framleiði ekki vörur úr slíku stáli. Allar stálvörur Randi séu framleiddar staðlaðar úr ryðfríu stáli 304. Randi bjóði þó allar stálvörur fyrirtækisins einnig úr ryðfríu stáli AISI 316. Yfirlýsing frá Randi sé fyrir hendi þar sem þetta sé staðfest.

Að lokum ítreka Vélur og verkfæri að aðalatriði málsins sé að Aseta hafi reynt að ná til sín viðskiptum með rangri fullyrðingu. Fyrirtæki verði að virða samkeppnislög og þola samkeppni. Ljóst sé að ryðfrítt stál AISI 316 sé betra að gæðum en ryðfrítt stál 304. Í flestum tilvikum hafi það þó lítið að segja og sé það mat kaupandans sem gildi. Ekkert í bréfi Aseta réttlæti að senda rangar fullyrðingar til væntanlegra viðskiptavina.

### 3.

Með bréfi, dags. 21. maí 2001, bauð Samkeppnisstofnun Aseta að koma að frekari skýringum eða athugasemdum í málinu. Í símtali þann 22. maí 2002 ítrekaði forsvarsmáður Aseta fyrri rök en kaus ekki að koma að frekari athugasemdum.

### 4.

Við meðferð málsins hjá Samkeppnisstofnun var haft samband við viðtakanda símbréfs Aseta og í framhaldinu var Vélum og verkfærum skrifað bréf, þann 11. september 2001, þar sem efnisatriði símtalsins voru rakin. Í bréfinu segir m.a.:

*„Samkeppnisstofnun hefur við meðferð málsins haft samband við ..., en umkvartaðar upplýsingar í máli þessu koma fram í símbréfi sem Aseta ehf. sendi ..., þann 23. janúar 2001. Í símtali undirritaðrar við ... kom fram að í útboðsgögnum fyrir verk við Flugstöð Leifs Eiríkssonar var þess krafist að hurðarhandföng o.þ.h. væri úr 316 stáli. ... hafi í gegnum tíðina verslað við bæði Aseta og Vélur og verkfæri. Við gerð tilboðs ... hafi verið stuðst við upplýsingar frá Vélum og verkfærum um vörur frá Randi. Þegar komið hafi að afhendingu varanna frá Vélum og verkfærum hafi illa gengið að fá þær afhentar. ... hafi því haft samband við Aseta til að athuga með verð o.þ.h. á vörum frá d-line. Að sögn ... kom til tals milli Aseta og ... efasemdir um að vörur Randi uppfylltu skilyrði útboðsins um 316 stál. Í framhaldi þessara umræðna milli aðilanna hafi umrætt símbréf verið sent. Málalok urðu að sögn ... síðan þau að Vélur og verkfæri útveguðu vörurnar frá öðrum framleiðanda en Randi.*

*Með vísan til þess sem hér greinir telur Samkeppnisstofnun að til greina komi að Aseta hafi sent umrætt símbréf til ... í framhaldi af viðræðum milli aðila um möguleg viðskipti. Samkeppnisstofnun óskar eftir athugasemdum yðar við framangreint.“*

Jafnframt var í bréfi Samkeppnisstofnunar óskað eftir afriti af yfirlýsingu Randi um að allar stálvörur sem fyrirtækið bjóði fáist einnig úr 316 stáli eins og fram hafi komið í bréfi Véla og verkfæra, dags. 15. maí 2001.

## 5.

Með bréfi, dags. 1. október 2001, bárust athugasemdir Véla og verkfæra. Þar kemur fram að upphaf þessa máls liggi í óumbeðnu símbréfi Aseta til verktaka. Vélar og verkfæri hafi ekki ætlað að þörf væri á að draga viðkomandi verktaka inn í málið og gerðar séu athugasemdir við að ekkert liggi fyrir um hvort það hafi verið gert með formlegum hætti eða ekki. Aðeins sé vísað til símtals og efni þess rakið. Síðan segir:

*„Það tel ég óvandaða aðferð við öflun upplýsinga um málsatvik við undirbúning málsins og rannsókn til grundvallar ákvörðun yðar og ekki í samræmi við rannsóknarreglur 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.“*

Í bréfinu kemur fram að viðtakandi símbréfsins hafi framsent símbréf Aseta til Véla og verkfæra og áritað það með eftirfarandi hætti: *„Þetta fax sendi Aseta óumbeðið til okkar. Þetta finnst mér ekki rétta aðferðin til að selja vöru.“* Þá er ítrekuð kvörtun Véla og verkfæra yfir því sem fram kom í bréfi Aseta, dags. 7. maí 2001, um að vörur Randi séu ódýrar eftirlíkingar vöru d line. Þess er krafist að gripið verði til viðeigandi aðgerða gegn Aseta fyrir rangar ásakanir, rógburð, móðganir og óréttmæta viðskiptahætti sem í þessum ummælum felist.

Hvað varðar fullyrðingar verktakans um vandamál varðandi afhendingu vara frá Randi úr ryðfríu stáli AISI 316 er tekið fram að arkitektar hússins hafi ekki samþykkt málsetningar á hurðarhúnum frá Randi. Hurðarhúnar hafi því verið boðnir frá öðrum framleiðanda sem stóðust málsetningu. Fyrri rök í málinu eru jafnframt ítrekuð.

Með bréfi Véla og verkfæra fylgdu jafnframt yfirlýsingar frá Randi. Í tölvupósti Per Busk, framleiðslustjóra Randi, sendum 2. febrúar 2001 segir m.a.:

*„I can confirm that Randi will be able to manufacture the Randi product using AISI 316 if required at an extra price.“*

Þá segir í bréfi Hans Krog Nielsen forstjóra Randi, dags. 24. september 2001:

*„This is to confirm that the majority of Randi products are available in stainless steel quality 316...“*

## 6.

Þann 12. desember 2001 og þann 1. október 2002 var aðilum tilkynnt um töf á málsmeðferð sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá Samkeppnisstofnun. Jafnframt var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið.

### III. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 15. nóvember 2002, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

Í máli þessu er deilt um símbréf sem Aseta sendi, óumbeðið að sögn kvartanda Véla og verkfæra, og innihélt símbréfið fullyrðingu um vörur kvartanda. Að mati Véla og verkfæra brýtur háttsemi Aseta gegn ákvæðum samkeppnislaga greinum 20., 20. a og 21.

Að mati samkeppnisráðs kemur 20. grein a í samkeppnislögum ekki til álita í máli þessu. Greinin fjallar um samanburðarauglýsingar en hér er deilt um upplýsingar sem fram koma í símbréfi sendu einu tilteknu fyrirtæki. Símbreifið var ekki ætlað til almennrar birtingar opinberlega fyrir neytendur eða viðskiptavinum fyrirtækisins og felur því ekki í sér auglýsingu að mati samkeppnisráðs. 21. gr. samkeppnislaga tekur aftur á móti einnig til upplýsinga, rangra, villandi og ófullnægjandi, sem birtar eru með öðrum hætti en í auglýsingum og telur samkeppnisráð að sú grein komi til álita í máli þessu ásamt 20. gr. laganna um góða viðskiptahætti.

Óumdeilt er að Aseta sendi símbréf til verktaka og innihélt símbréfið fullyrðingu um vöru keppinautar Aseta. Kvartandi heldur því fram að símbréfið hafi borist viðtakanda óumbeðið. Aseta hefur ekki komið að sjónarmiðum hvað þetta atriði varðar. Þar sem í símbréfinu segir m.a. „*Það staðfestist...*“ taldi Samkeppnisstofnun rétt að kanna frekar atvik málsins. Samkeppnisstofnun hafði símsamband við viðtakanda símbréfsins og óskaði nánari upplýsinga um málsatvik. Eins og rakið hefur verið hér að framan tjáði viðtakandi símbréfsins starfsmanni stofnunarinnar að símbréfið hafi borist í framhaldi af símtali hans við starfsmann Aseta og hafi hann átt frumkvæði að símtalinu. Í umsögn kvartanda um símtal Samkeppnisstofnunar og viðtakanda símbréfsins kemur fram að hinn sami viðtakandi hafði skriflega tjáð Véllum og verkfærum að símbréfið hafi borist honum óumbeðið. Með vísan til þess að upplýsingar um þetta atriði eru misvísandi vísar samkeppnisráð þessum lið kvörtunar frá.

Vélar og verkfæri gera athugasemdir við að Samkeppnisstofnun hafi leitað upplýsinga hjá viðtakanda símbréfs Aseta við rannsókn málsins. Telja Vélar og verkfæri þetta óvandaða aðferð við öflun upplýsinga um málsatvik og ekki í samræmi við 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Samkeppnisráð tekur fram að í 10. gr. er kveðið á að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Samkvæmt athugasemdum við 10. gr. frumvarps til stjórnisýslulaga felst í greininni sú skylda stjórnvalds að sjá til þess, að eigin frumkvæði, að málsatvik séu nægjanlega

upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Þá sé það stjórnvaldsins að staðreyna hvort upplýsingar sem aðili leggur fram séu réttar til að tryggja að ákvörðun sé tekin á réttum grundvelli. Í bréfi Samkeppnisstofnunar til Véla og verkfæra er innihald umrædds símtals rakið og fyrirtækinu gefinn kostur á að tjá sig um efni þess. Samkeppnisráð telur að málsmeðferð Samkeppnisstofnunar hafi fyllilega verið í samræmi við ákvæði 10. gr. stjórnsýslulaga.

Í símbréfi Aseta er því haldið fram, með vísan til framleiðanda vöru keppinautarins, að vörur Randi séu eingöngu framleiddar úr ryðfríu stáli 304. Sá gæðaflokkur sé mun verri en sá sem vörur sem Aseta selur eru framleiddar úr sem er ryðfrítt stál 316.

Báðir flokkar stálsins sem um er rætt í máli þessu eiga við um ryðfrítt stál en tæringarþol þeirra er mismikið. Tæringarþol 316 er betra undir vissum kringumstæðum, t.d. í seltuuhverfi.

Aseta hefur ekki fært sönnur á fullyrðingu fyrirtækisins um vörur keppinautarins. Vélar og verkfæri hafa aftur á móti lagt fram yfirlýsingar frá forstjóra og framleiðslustjóra Randi að vörur þeirra séu annars vegar fánlegar og hins vegar að hægt sé að framleiða þær úr 316 stáli. Með tilliti til þeirra gagna sem fyrir liggja telur samkeppnisráð að telja verði að viðskiptaaðferðir Aseta hafi verið villandi og ósanngjarnar gagnvart Vélum og verkfærum. Með vísan til þessa telur samkeppnisráð að fullyrðing Aseta um að „*Skv. upplýsingum frá framleiðendum RANDI nota þeir aðeins ryðfrítt stál 304 sem er mun lægri gæðaflokkur*“ brjóti í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga.

Í 20. gr. samkeppnislaga er kveðið á um að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Af greininni má ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðisleg gildi. Fyrirtækjum er uppálagt að viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum. Fyrirfram er ekki tilgreint hvað telja beri góða viðskiptahætti heldur er mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki lagt í hendur samkeppnisyfirvalda og dómstóla. Sökum þessa geta stjórnendur fyrirtækja ekki vitað fyrirfram í öllum tilvikum hvort hegðun þeirra brýtur í bága við 20. gr. samkeppnislaga. Þrátt fyrir að útilokað hafi verið talið að tilgreina nákvæmlega í lögum hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir, verður að telja að með hliðsjón af almennum siðferðislegum gildum samfélagsins, viti stjórnendur fyrirtækja í meginþorra tilvika hvað sé siðferðislega verjandi í viðskiptum og hvað ekki. Þannig má ljóst vera að viðskiptaaðferðir sem sýnilega eru óheiðarlegar, ósanngjarnar eða villandi gagnvart keppinautum eða neytendum eru andstæðar samkeppnislögum.

Aseta og Vélar og verkfæri eru keppinautar. Eins og fram hefur komið hefur Aseta ekki fært sannanir fyrir fullyrðingu sinni og gögn málsins gefa að mati

samkeppnisráðs ekki til kynna að Aseta hafi haft tilefni til fullyrðingarinnar um vöru keppinautarins. Samkeppnisráð tekur fram að fyrirtæki verði að gæta hófs í yfirlýsingum og hafa í huga að allar fullyrðingar um gæði og eiginleika vöru, sinna og keppinauta, verði þeir að geta sannað og sýnt fram á með óyggjandi hætti. Þá verði fyrirtæki að gæta þess í viðskiptum að reyna ekki að hafa áhrif á viðskiptavini með villandi eða ósanngjörnum upplýsingum um keppinauta sína. Samkeppnisráð telur að Aseta hafi í máli þessu brotið gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga þar sem hegðun fyrirtækisins hafi ekki verið í samræmi við góða viðskiptahætti.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Aseta ehf., Ármúla 16, Reykjavík, hefur með villandi upplýsingum um vöru keppinautar brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“**

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð Áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. [20/2002](#)]*